



Borgarráð

Reykjavík, 22. maí 2025

MSS25050040

Fulltrúaráð hjúkrunarheimilisins Eirar - tilnefning

Lagt er til að borgarráð samþykki að kjósa eftirfarandi sjö fulltrúa og fjóra varafulltrúa í fulltrúaráð hjúkrunarheimilisins Eirar, til næstu fjögurra ára. Aðalfulltrúar verði eftirtaldir: Ellen Calmon, Berglind Eyjólfsdóttir, Guðbrandur Guðmundsson, Halldór Vignir Frímannsson, Sigurður Ágúst Sigurðsson, Berglind Magnúsdóttir og Árelía Eydís Guðmundsdóttir. Varafulltrúar verði eftirtaldir: Ragna Lilja Garðarsdóttir, Kristinn Reimarsson, Ingibjörg Þ. Sigurpórsdóttir og Ása Kolbrún Hauksdóttir.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi hjúkrunarheimilisins Eir – beiðni um tilnefningu í fulltrúaráð, dags. 8. apríl 2025.



Reykjavík



From: Skrifstofa Eirar <skrifstofa@eir.is>
Sent: þriðjudagur, 8. apríl 2025 15:19
To: Skrifstofa Eirar <skrifstofa@eir.is>
Subject: Tilnefning til fulltrúaráðs Eirar hjúkrunarheimilis

You don't often get email from skrifstofa@eir.is. [Learn why this is important](#)

Ágæti viðtakandi

Tilnefning til fulltrúaráðs Eirar hjúkrunarheimilis

Til samræmis við skipulagskrá hjúkrunarheimilisins Eirar, sjá skipulagsskrá í viðhengi, er óskað eftir tilnefningum í fulltrúaráð Eirar fyrir **2. maí nk.**

Stefnt er að því að halda aðalfund fulltrúaráðs Eirar þann 22. maí nk. en til hans verður boðað síðar. Stjórnarkjör fer fram á vofundi fulltrúaráðsins í maí. Síðast var tilnefnt til fulltrúaráðs Eirar árið 2021.

Eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa til setu í fulltrúaráði Eirar samkvæmt skipulagsskrá stofnunarinnar:

- Reykjavíkurborg
 - Tilnefnir 7 aðalmenn og 4 menn til vara
- VR stéttarfélag
 - Tilnefnir 4 fulltrúa (einn sem stéttarfélag starfsmanna) og 2 fulltrúa til vara
- Seltjarnarnesbær
 - Tilnefnir 3 fulltrúa og 2 fulltrúa til vara
- Blindrafélagið og Blindravinafélag Íslands
 - Tilnefnir 3 fulltrúa og 2 fulltrúa til vara
- Hjúkrunarheimilið Skjól
 - Tilnefnir 3 fulltrúa og 2 fulltrúa til vara
- Brynja – Hússjóður Öryrkjabandalagsins
 - Tilnefnir 3 fulltrúa og 2 fulltrúa til vara
- SÍBS
 - Tilnefnir 3 fulltrúa og 2 fulltrúa til vara
- Mosfellsbær
 - Tilnefnir 3 fulltrúa og 2 fulltrúa til vara
- Efling stéttarfélag
 - Tilnefnir 1 fulltrúa
- Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
 - Tilnefnir 1 fulltrúa
- SLFÍ
 - Tilnefnir 1 fulltrúa
- Læknafélag Íslands
 - Tilnefnir 1 fulltrúa
- Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
 - Tilnefnir 1 fulltrúa
- Félag eldri borgara í Garðabæ
 - Tilnefnir 1 fulltrúa
- Félag eldri borgara í Mosfellsbæ og nágrenni
 - Tilnefnir 1 fulltrúa
- Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi



Reykjavík



- Tilnefnir 1 fulltrúa

Tilnefningar óskast sendar á netfangið skrifstofa@eir.is með nöfnum þeirra sem tilnefndir eru, ásamt nauðsynlegum upplýsingum samkvæmt meðfylgjandi excel – skjali.

Fyrir hönd formanns fulltrúaráðs Eirar

Kveðja,
Guðrún Elín Gunnarsdóttir
Skrifstofa/Office

Eir hjúkrunarheimili
www.eir.is
skrifstofa@eir.is
sími: 522 5700



Þessi tölvupóstur og viðhengi hans geta innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Óheimil meðferð tölvupósts þessa og viðhengja hans getur varðað skaðabóta- og refsíabyrgð samkvæmt lögum um fjarskipti.

Efni tölvupóstsins og viðhengja er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Eirar, Hamra og/eða Skjóls hjúkrunarheimilis.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

If you are not the intended recipient, disclosure, copying, use, or distribution of the information included in this email is prohibited.



Reykjavík

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Eir.

I. KAFLI

Stofnendur – markmið – stofnfé.

1. gr.

Nafn sjálfseignarstofnunarinnar er Eir. Eir er umönnunar- og hjúkrunarheimili. Heimilisfang og varnarþing hennar er að Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík.

Stofnunin heyrir undir lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Stofnaðilar eru eftirtalin sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir:

Reykjavíkurborg,
Seltjarnarnesbær,
Blindrafélagið og Blindravinafélag Íslands,
Sjómannadagsráð höfuðborgarsvæðisins,
Sjálfseignarstofnunin Skjól,
VR,

Auk stofnaðila eiga þessi samtök og sveitarfélag fulltrúa í fulltrúaráði stofnunarinnar:

Brynja – hússjóður Öryrkjabandalagsins,
S.I.B.S.,
Mosfellsbær,
Félag eldri borgara Reykjavík,
Félag eldri borgara Garðabæ,
Félag eldri borgara Mosfellsbæ og nágrenni,
Félag eldri borgara Seltjarnarnesi.

Einnig eiga eftirfarandi stéttarfélög starfsmanna rétt á að tilnefna fulltrúa í fulltrúaráðið:

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga,
Efling,
Sjúkraliðafélag Íslands,
Læknafélag Íslands,
VR.

2. gr.

Markmið og hlutverk Eirar er að veita umönnun, hjúkrun og aðra skylda þjónustu, meðal annars með því að reisa og reka hjúkrunarheimili, dagdeildir, þjónustuíbúðir og íbúðir, beint eða í dóttur-einingum. Öll starfsemi Eirar og dóttureininga skal fylgja fyllstu gæðakröfum og einkennast af virðingu, lipurð, umhyggju og hlýju.

Markmiðum þessum skal meðal annars ná með því að:

- afla fjár meðal einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana,
- leita eftir fjárframlagi/fjárframlögum frá stjórnvöldum,
- leita eftir samstarfssamningum, sbr. 12. gr. skipulagsskrár þessarar.

Stjórn Eirar er heimilt að láta reisa, kaupa, selja eða leigja eignir og rekstrarþætti ef það er mat stjórnar að þannig sé hagsmunum skjólstaðinga hennar best borgið, enda séu uppfyllt ákvæði 5. gr. laga nr. 19/1988.

Stjórn Eirar er heimilt að stofna og reka dóttureiningar, einkahlutafélög, hlutafélög, samlags-hlutafélög o.p.h., sem standi að skilgreindum og sérgreindum rekstri og ábyrgð á tilteknum eignum eða rekstrarþáttum, með kennitölu o.s.frv., í samræmi við markmið Eirar og til nauðsynlegrar aðgrein- ingar vegna opinbers stuðnings.

3. gr.

Stofnfé Eirar 13. desember 1990 var kr. 365.000 og skal það haldast óskert og ávaxtað í samræmi við markmið stofnunarinnar.

Aðilar sem eiga fulltrúa í fulltrúaráði stofnunarinnar bera engar fjárhagslegar skuldbindingar umfram stofnfjárframlag vegna sjálfseignarstofnunarinnar, aðrar en þær sem ákveðnar verða við þá í sérstökum samstarfssamningum, sbr. 12. gr.

Öllum fjármunum og fjármagni stofnunarinnar og dóttureininga, svo sem rekstrarafgangi, gjöfum, arði o.s.frv., skal eingöngu ráðstafað samkvæmt markmiðum Eirar.

II. KAFLI

Fulltrúaráð.

4. gr.

Fulltrúaráð Eirar skipa 37 menn og eru þeir þannig valdir:

Reykjavíkurborg velur 7 aðalmenn og 4 menn til vara til setu í fulltrúaráði.

Eftirfarandi aðilar velja þrjá fulltrúa og tvo fulltrúa til vara, til setu í fulltrúaráði:

Seltjarnarnesbær,

Blindrafélagið og Blindravinafélag Íslands,

Sjálfseignarstofnunin Skjól,

VR,

Brynja – hússjóður Öryrkjabandalagsins,

S.Í.B.S.,

Mosfellsbær.

Aðrir aðilar tilnefna einn fulltrúa hver til setu í fulltrúaráðinu.

Sjómannadagsráð höfuðborgarsvæðisins á ekki lengur fulltrúa í fulltrúaráðinu.

Þá má með vísan til 14. gr. bjóða öðrum/fleiri aðilum að tilnefna einn fulltrúa hver, til setu í fulltrúaráðinu. Skipunartími fulltrúa er fjögur ár, en aðila er jafnan heimilt að skipta um fulltrúa sína.

Hlutverk fulltrúaráðsins er:

- að fylgjast með rekstri og vera tengiliður milli stjórnar og þeirra aðila sem standa að stofnuninni,
- að kjósa stjórn og 2 skoðunarmenn reikninga til tveggja ára,
- að setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur,
- að ákvarða þóknun stjórnar.

5. gr.

Fundir fulltrúaráðsins skulu vera a.m.k. tveir á ári, aðalfundur fyrir maílok og haustfundur.

Aukafund skal halda samkvæmt ákvörðun stjórnar eða að kröfu meirihluta fulltrúaráðs. Jafnframt er skylt að halda aukafund ef tveir aðilar að stofnuninni óska þess eða ef endurskoðandi stofnunarinnar fer þess á leit.

Stjórn Eirar boðar til fulltrúaráðsfunda, aðal- og aukafunda. Til fulltrúaráðsfundar skal boðað með tveggja vikna fyrirvara með rafrænum hætti eða á annan sannanlegan hátt, og skal dagskrár getið í fundarboði.

Fulltrúaráðið kys sér formann til tveggja ára. Ásamt stjórn undirbýr hann og boðar fulltrúaráðsfundi. Stjórn annast framfylgd samþykktu fulltrúaráðs.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á fulltrúaráðsfundum, nema lög og skipulagsskrá þessi kveði á um annað. Falli atkvæði jöfn í kosningu ræður hlutkesti úrslitum. Fundir fulltrúaráðsins eru lögmatir ef meira en helmingur fulltrúaráðsmanna er viðstaddur.

Hver fulltrúi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fulltrúaráðsfundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar með viku fyrirvara.

6. gr.

Dagskrá aðalfundar skal jafnan vera:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári.

2. Endurskoðaður áritaður ársreikningur, umsögn skoðunarmanna og samþykkt ársreiknings, svo og kynning ársreikninga dóttureininga.
 3. Ákvörðun um stjórnarþóknun.
 4. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá stofnunarinnar, löglega upp bornar, sbr. 18. gr.
 5. Kosning stjórnar ef við á, sbr. 7. gr.
 6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga, ef við á, sbr. 4. gr.
 7. Önnur mál, löglega upp borin.
- Auk þessara dagskráreigna skal fulltrúaráðið ræða þessi mál eftir því sem við á:
- a. verklagsreglur, siðareglur, starfsreglur,
 - b. rekstraráætlun fyrir næstkomandi ár, svo og framkvæmdaáætlanir,
 - c. stjórnarkostnaður, starfsábyrgðartrygging stjórnarmanna.

III. KAFLI

Stjórn – forstjóri.

7. gr.

Stjórn Eirar skal skipuð sjö mönnum og jafnmörgum til vara. Formaður skal kjörinn fyrst sérstaklega. Meðstjórnendur skal kjósa í einu lagi eftir tilnefningum, svo og varamenn.

Stjórnin skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi eftir stjórnarkjör. Forfallist formaður tekur varaformaður sæti hans.

Stjórnin skal kjörin á aðalfundi til tveggja ára í senn.

8. gr.

Stjórn Eirar fer með fjármál, framkvæmdir og önnur málefni stofnunarinnar og annast um að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal ávaxta fjármuni stofnunarinnar á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

Stjórnin ræður forstjóra til að stýra allri starfseminni.

Stjórnin skal samþykkja skipurit stofnunarinnar og dóttureininga og setja verklagsreglur, siðareglur og aðrar starfsreglur fyrir stjórn, stofnunina og dóttureiningar. Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á því að í allri starfsemi sé framfylgt siðareglum og reglum um vanhæfi og faglegar málefnalegar mælistikur virtar, meðal annars við ráðningar stjórnenda og starfsfólks.

Stjórnin skal annast um að eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna stofnunarinnar. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda.

9. gr.

Stjórn Eirar skal funda reglulega og skulu fundir skráðir með örugum hætti í gerðabók eða með rafrænum hætti. Formaður og forstjóri annast fundaboðun. Forfallist stjórnarmaður skal varamaður boðaður. Formanni stjórnar er skylt að halda stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna fer þess á leit.

Stjórnin telst ályktunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, enda hafi þess verið kostur.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn.

10. gr.

Forstjóri Eirar annast daglegan rekstur stofnunarinnar og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrir-mælum sem stjórnin setur honum. Óvenjulegar, mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir skal ævinlega leggja fyrir stjórn til ákvörðunar. Forstjóri skal sitja stjórnarfund, nema annað sé sérstaklega ákveðið, og hefur hann þar málfrælsi og tillögurétt.

Forstjóri eða aðrir starfsmenn í umboði hans ráða annað starfsfólk og gera ráðningarsamninga.

IV. KAFLI

Reikningsár og endurskoðun.

11. gr.

Starfsár og reikningsár Eirar er almanaksárið. Á hverju ári skal semja ársreikning og skal stjórnin hafa lokið gerð hans eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund. Ársreikningurinn skal endurskoðaður í samræmi við góða endurskoðunarvenju, þ.m.t. bókhaldsgögn og aðrir þættir er varða rekstur Eirar og fjárhagsstöðu, og afhentur kjörnum skoðunarmönnum til athugunar.

V. KAFLI

Samstarfssamningar og þjónusta.

12. gr.

Stjórn Eirar hefur umboð til að gera samninga um þjónustu og samstarf við aðrar stofnanir og aðila enda séu slíkir samningar í samræmi við markmið Eirar, lög og aðrar opinberar heimildir.

13. gr.

Stjórn Eirar ákveður hvernig tilhögun þjónustu og búsetu skuli háttað og setur reglur þar um í samræmi við opinberar reglur og heimildir. Þeir einir koma inn til dvalar í hjúkrunarrými sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða þar um.

VI. KAFLI

Tilnefningarréttur í fulltrúaráð – slit stofnunarinnar.

14. gr.

Heimilt er að fjölga aðilum sem hafa tilnefningarrétt í fulltrúaráð Eirar, svo og fjölga fulltrúum, með samþykki 2/3 viðstaddra fulltrúaráðsmanna á lögmatum fulltrúaráðsfundi, enda sé tillögu um þá tilnefningaraðila getið í fundarboði. Hætti einhver aðili þátttöku, fækkar fulltrúum í fulltrúaráði að rétttri tiltölu.

15. gr.

Telji fulltrúaráð Eirar sér ekki fært að annast áfram rekstur stofnunarinnar eða hluta hennar, skal hverjum stofnaðila gefinn kostur á að taka við rekstrinum enda verði hlutverk og markmið stofnunarinnar óbreytt. Að þeim frágengnum fellur stofnunin með öllum eignum hennar til ríkisins, ef ekki er kveðið á um annað í sérstökum samningum, með þeirri kvöð að hún verði áfram nýtt í þágu sömu markmiða.

Verði eignum og rekstri Eirar að öllu leyti ráðstafað frá sjálfseignarstofnuninni Eir skal stofnuninni formlega slitið.

VII. KAFLI

Heimild til að skuldbinda stofnunina.

16. gr.

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur stofnunina.

17. gr.

Stjórn stofnunarinnar veitir prókúruumboð.

VIII. KAFLI

Skipulagsskrá.

18. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði 2/3 viðstaddra fulltrúaráðsmanna á lögmatum fulltrúaráðsfundi falli á þann veg, enda hljóti breytingin staðfestingu lögbærra yfirvalda.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá skulu hafa borist stjórn stofnunarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir fulltrúaráðsfund. Tillögur skulu sendar fulltrúaráðsmönnum með fundarboði. Fulltrúaráðsfundur getur samþykkt að heimila umfjöllun og afgreiðslu á breytingartillögu við útsenda tillögu.

19. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir stofnunina sem staðfest var upphaflega 13. desember 1990 og síðar 31. mars 2011 og 20. ágúst 2013. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari, en að staðfestingu fenginni fellur eldri skipulagsskrá úr gildi með síðari breytingum.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 24. október 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 7. nóvember 2022